

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1917

2023/EES/8/15

frá 3. nóvember 2021

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að færa 2-(4-metýlfenoxý)-N-(1H-pýrasól-3-ýl)-N-(þíófen-2-ýlmetýl)asetamíð á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Hinn 7. desember 2015 barst framkvæmdastjórninni umsókn um leyfi fyrir notkun á 2-(4-metýlfenoxý)-N-(1H-pýrasól-3-ýl)-N-(þíófen-2-ýlmetýl)asetamíði (FL nr. 16.133) sem bragðefni í ýmis matvæli sem falla í meginatriðum undir nokkra af þeim matvælaflokkum sem um getur í skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina til að fá álit hennar. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina einnig aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Í álitinu sínu, sem var samþykkt 12. september 2018 ⁽⁴⁾, lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á öryggi efnisins FL nr. 16.133 þegar það er notað sem bragðefni og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þess hafi ekki öryggisvanda í för með sér ef hún er takmörkuð við þau gildi sem tilgreind eru fyrir ýmis matvæli í mismunandi matvælaflokkum. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi einnig að ályktun hennar um öryggi bragðefnisins ætti ekki við ef bragðefnunum er mögulega bætt við ógagnsæja drykki þar sem ljósummyndun bragðefnisins gæti átt sér stað. Þessu bragðefni ætti einungis að bæta við ógagnsæ matvæli sem er pakkað í ílát sem eru varin ljósi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 389, 4.11.2022, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5421.

- 6) Í samræmi við c-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 ættu upplýsingar fyrir viðskiptavinum um sérstök skilyrði fyrir geymslu og notkun að koma fram á merkingum bragðefnis og/eða blandna sem þessu bragðefni hefur verið bætt í. Á merkingunni á ílátunum ættu að koma fram upplýsingar s.s. „geymist fjarri ljósi“.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að efnið FL nr. 16.133 er efni með bragðbreytandi eiginleika.
- 8) Þetta bragðefni er ekki ætlað til sölu til lokaneytenda og því ætti að setja það þannig á markað að tryggt sé að slíkt hendi ekki.
- 9) Þar eð notkun efnisins FL nr. 16.133 sem bragðefnis hefur ekki öryggisvanda í för með sér með tilgreindum skilyrðum fyrir notkun og ekki er búist við að þetta villi um fyrir neytendum þykir rétt að leyfa slíka notkun í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 10) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis það til að bæta 2-(4-metýlfenoxý)-N-(1H-pýrasól-3-ýl)-N-(þíófen-2-ýlmetýl)asetamíði á skrá Sambandsins yfir bragðefni.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Ekki er heimilt að selja bragðefnið 2-(4-metýlfenoxý)-N-(1H-pýrasól-3-ýl)-N-(þíófen-2-ýlmetýl)asetamíð til lokaneytenda.

3. gr.

Til viðbótar við kröfur um merkingu bragðefna sem ekki eru ætluð til sölu til lokaneytenda, í samræmi við c-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) 1334/2008, skulu eftirfarandi viðbótarupplýsingar koma fram á merkingum pakkninga eða íláta:

- „Inniheldur efnið FL 16.133. Verjið fyrir ljósi til að komast hjá ljósummyndun.“
- Upplýsingar s.s. „geymist fjarri ljósi“.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í töflu 1 í 2. þætti A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er eftirfarandi færslu um FL nr. 16.133 bætt við:

„16.133	2-(4-metýlfenoxý)-N-(1H-pýrasól-3-ýl)-N-(þíófen-2-ýlmetýl)asetamíð	1374760-95-8	2237	A.m.k. 99%, topp-flatarmál (UPLC-UV, 254 nm)	<p>1. Takmarkanir á notkun sem bragðefni í eftirfarandi matvælaflokkum:</p> <p>Í flokki 1.4.: Ógagnsæjar bragðbættar gerjaðar mjólkur-afurðir, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 3 mg/kg</p> <p>Í flokki 3.0.: ógagnsær ís til neyslu, þ.m.t. frauðs og krapís, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 3 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.1.: ógagnsæjar kakó- og súkkulaðivörur, þ.m.t. eftirlíkingar og súkkulaðilíki, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 15 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.2.: ógagnsætt sælgæti, þ.m.t. hart og mjúkt sælgæti, núggat o.s.frv., annað en vörur sem falla undir flokka 05.1., 05.3. og 05.4, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 15 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.3.: ógagnsætt tyggigúmmí, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 150 mg/kg</p> <p>Í flokki 5.4.: ógagnsæjar skreytingar (t.d. fyrir fínt kaffibrauð), ofanálag (ekki úr ávöxtum) og sætar sósur, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 15 mg/kg</p> <p>Í flokki 12.5.: ógagnsæjar súpur og seyði, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/flát – hámark 3 mg/kg</p>	EFSA“
---------	--	--------------	------	--	---	-------

					<p>Í flokki 12.6.: ógagnsæjar sósur og samsvarandi vörur, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/ílát – hámark 15 mg/kg</p> <p>Í flokki 14.1.4.: ógagnsæjar bragðbættar drykkjarvörur, eingöngu fyrir drykki, að stofni til úr mjólkurvörum, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/ílát – hámark 3 mg/kg</p> <p>Í flokki 16: ógagnsæir eftirréttir, að undanskildum vörum sem falla undir flokka 1, 3 og 4, sem er pakkað í ógagnsæjar umbúðir/ílát – hámark 3 mg/kg</p> <ol style="list-style-type: none">Ekki er heimilt að selja þetta bragðefni til lokaneytenda.Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram: „Inniheldur efnið FL 16.133. Verjið fyrir ljósi til að komast hjá ljósummyndun.“ Ílát skulu vera ógagnsæ. Á merkingunni á ílátunum skulu einnig koma fram upplýsingar s.s. „geymist fjarri ljósi“.	
--	--	--	--	--	---	--